



Aðildarfélag KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 26. febrúar 2024

**Reglugerð um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn.**  
**Reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Reglur um leikbönn.**

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 23. febrúar sl. voru samþykktar breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn annars vegar og reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál hins vegar. Ekki er um að ræða miklar efnisbreytingar í tilgreindum reglugerðum. Að mestu snúa breytingar að lagfæringu og auknum skýrleika í orðalagi. Einnig gera breytingar ráð fyrir breyttu verklagi við gerð eftirlitsskýrlna.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingar á texta í reglugerðum:

Það sem samþykkt hefur verið að falli inn í reglugerð er **rauðmerkt**.

Það sem samþykkt hefur verið að fella út úr reglugerð er ~~yfirstrikað~~.

**REGLUGERÐ KSÍ**  
**um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn**

1. gr.  
*Flokkun dómara*

1.1 Knattspyrnudómurum skal skipað í eftirfarandi þrjú flokka eftir kunnáttu og reynslu:

- unglingadómarar,
- héraðsdómarar, **og**
- landsdómarar.

Dómaranefnd KSÍ tekur ákvörðun um færslu dómara á milli flokka.

3. gr.  
*Héraðsdómarar*

3.2 Héraðsdómari hefur rétt til að dæma alla leiki nema:  
leiki í ~~Pepsi~~ **efstu** deildum karla og kvenna og í 1. og 2. deild karla, leiki í meistarakeppni KSÍ, úrslitaleiki í landsmótum, þar með talið leiki í úrslitakeppni 4. deildar karla og úrslitakeppni 1. deildar kvenna, leiki í bikarkeppni meistaraflokks karla (aðalkeppni) og bikarkeppni meistaraflokks kvenna (aðalkeppni), leiki við erlend lið í 1. aldursflokki.

4. gr.  
*Landsdómarar*

4.1 Landsdómari getur hver sá orðið, sem tilnefndur er af dómaranefnd KSÍ, hefur starfað sem héraðsdómari síðastliðin 2 ár og sannar hæfni sína í verki með því að dæma að minnsta kosti 1 leik að viðstöddum fulltrúa dómaranefndar KSÍ.

- 4.2 Dómaranefnd KSÍ velur árlega deildardómara úr hópi landsdómara og skulu þeir einir dæma leiki í **Pepsi efstu** deild, 1. og 2. deild karla, **Pepsi efstu** deild kvenna, Meistarakeppni KSÍ, bikarkeppnum meistaraflokka karla (aðalkeppni) og kvenna (frá og með 8 liða úrslitum) og úrslitaleiki í landsmótum og bikarkeppnum KSÍ.
- 4.3 Dómaranefnd velur einnig sérhæfða aðstoðardómara úr hópi landsdómara. Þeir skulu starfa oftast sem aðstoðardómarar en sem dómarar. Þeir hafa einnig rétt til að dæma alla leiki nema í **Pepsi efstu** deild og 1. deild karla.
- 4.4 Landsdómarar skulu gangast undir og standast skriflegt próf í dómarafræðum og regluleg þolpróf skv. ákvörðun dómaranefndar KSÍ.
- 4.5 Milliríkjadómarar skulu standast kröfur FIFA fyrir milliríkjadómara. Dómaranefnd KSÍ er heimilt að auka kröfur til dómara í **Pepsi efstu** deild til samræmis við þær kröfur FIFA.

8. gr.  
*Eftirlitsmenn*

- 8.1 Dómaranefnd KSÍ tilnefnir eftirlitsmenn dómara á leiki í meistaraflokkum karla og kvenna þegar ástæða er talin til, svo og á aðra þá leiki sem dómaranefnd kann að ákveða.
- 8.2 Hlutverk eftirlitsmanna er að fylgjast með og gefa skýrslu um frammistöðu dómara og aðstoðardómara. Skýrslur eftirlitsmanna skulu gerðar **á mínum síðum eftirlitsmanna á ksi.is** eða á sérstöku eyðublaði, sem dómaranefnd útbýr og leggur til, og skal útfylling og frágangur vera skv. leiðbeiningum nefndarinnar. ~~Eftirlitsmenn skulu senda skýrslur sínar með tölvupósti til skrifstofu KSÍ innan sólarhrings frá því að leik lýkur.~~ **Eftirlitsmenn skulu staðfesta skýrslur sínar á mínum síðum og hafa 36 klukkustundir til að klára skýrslurnar eftir að leik lýkur. Ef skýrsla er gerð á rafrænu eyðublaði skulu eftirlitsmenn senda skýrslu sína með tölvupósti til skrifstofu KSÍ innan 36 klukkustunda frá því að leik lýkur.** Þá skal eftirlitsmaður gera skýrslu um framkvæmd leiks sem skal birt á innrivesi KSÍ, með leikskýrslu.

---

## REGLUGERÐ KSÍ um aga- og úrskurðarmál

13. gr.  
*Viðurlög við agabrotum*

- 13.7 Þjálfari, starfsmaður eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik. **Frá þeim tíma og** á meðan leik stendur ~~og eftir leik~~ er viðkomandi þjálfara, starfsmanni eða forystumanni;
- a) óheimilt að vera á leikvellingum, í boðvangi, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem ~~viðkomandi~~ **viðkomandi** getur verið í tengslum við lið sitt, **og**
- b) óheimilt að vera í samskiptum við eða hafa samband við einstaklinga tengdum leik, sér í lagi leikmenn og starfsfólk liðsins. ~~á meðan leik stendur, og~~
- e) **Eftir leik er þjálfara, starfsmanni eða forystumanni í leikbanni** óheimilt að taka þátt í blaðamannafundi ~~eftir leik~~ eða hvers konar fjölmiðlastarfsemi á leikvangi í tengslum við leik ~~þann~~ sem tekur út leikbannið **tekur til.**

---

### Greinargerð:

Um ræðir breytingar unnar af laga- og leikreglanefnd KSÍ og dómaranefnd KSÍ. Ný og breytt ákvæði miða, eins og fyrr segir, að lagfæringu og auknum skýrleika í orðalagi bæði í reglugerð um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn og í reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Líkt og kynnt var í dreifibréfi nr. 3/2024 hafa verið samþykktar breytingar á reglum sem gilda um þjálfara, starfsmann eða forystumann sem tekur út leikbann. Hefur reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál verið samræmd agareglugerð FIFA (FIFA Disciplinary Code). Reglur miða nú við það að starfsfólki liðs, þ.á.m. þjálfara

sem tekur út leikbann, er óheimilt að vera í samskiptum við eða hafa samband við einstaklinga tengdum leik, sér í lagi leikmenn og starfsfólk liðsins á meðan leik stendur. Jafnframt er þjálfara liðs óheimilt að taka þátt í blaðamannafundi eftir leik eða hvers konar fjölmiðlastarfsemi á leikvangi í tengslum við leik sem þjálfari tekur út leikbann í. Breyting sem nú er kynnt er ætlað að koma í veg fyrir mistúlkun á grein 13.7.

---

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,  
yfirlögfræðingur hjá KSÍ